



Leiðbeiningar

með kvikmyndunum
„Öruggt skjól“ og „Fuglahúsið“





INNGANGUR

Kvikmyndunum er ætlað að gefa börnum auðskildar upplýsingar í stuttu máli um hvað neyðarathvarf er. Megintilgangurinn er sá að gera börnum skýra grein fyrir því að þeim sé óhætt í neyðarathvarfinu, að þau séu ekki ein og að það sem gerðist sé ekki þeirra sök.

Mikilvægt er að barnið horfi í fyrsta skipti á myndirnar með einhverjum fullorðnum sem það treystir. Gefið ykkur tíma til að tala aðeins um efni myndanna áður en horft er á þær. Það er líka nauðsynlegt að fylgja eftir spurningum og öðrum viðbrögðum að því loknu. Útskýrðu fyrir barninu að til séu neyðarathvörf af ýmsu tagi og gefðu upplýsingar í samræmi við athvarfið sem málið varðar. Öll neyðarathvörf eiga það sameiginlegt að vera öruggt skjól.

„FUGLAHÚSIÐ“

Í myndinni fá börnin þennan lykilboðskap: Hér býrðu við öryggi, einhver er hjá þér og það er ekki þér að kenna.

„ÖRUGGT SKJÓL“

Hér segja fimm börn frá reynslu inni af því að búa á neyðarathvarfi og hvernig það var að þurfa að flytja að heiman.

ÞAÐ MÁ NOTA MYNDIRNAR:

- Til að útskýra á einaldan hátt hvað neyðarathvarf er
- Þegar verið að undirbúa flutning
- Ef barnið þekkir einhvern sem býr í neyðarathvarfi
- Ef þú ætlar að ræða um neyðarathvörf í t.d. leikskóla/skóla hópur



Fella þarf spurningar og svör að hverju neyðarathvarfi fyrir sig. Hér koma nokkur dæmi:

Eru leikherbergi í öllum neyðarathvörfum? *Já, í flestum neyðarathvörfum.*

Fær maður alltaf sitt eigið herbergi með mömmu/pabba? *Já, í flestum neyðarathvörfum. Í sumum neyðarathvörfum fær fólk eigið eldhús og bað. Í öðrum neyðarathvörfum hafa allir íbúarnir sameiginlegt eldhús, bað og stofu.*

Búa bæði mæður og feður í neyðarathvarfinu? *Það eru til neyðarathvörf fyrir bæði konur og karla. Konur og karlar búa ekki saman í neyðarathvarfi.*


Er hægt að fá vini í heimsókn? *Það ákveður starfsfólkið í neyðarathvarfinu. Stundum er það hægt, stundum ekki. Barnið má þó fara í heimsókn til vina sinna ef enginn er í hættu.*

ÖRUGGT SKJÓL

Útskýrðu hvað fjölskyldufólk getur verið, t.d. pabbi, stjúpi, mamma, kærasti mömmu, stjúpa, kærasta pabba, systkini, frænkur, frændar, afi og amma o.s.frv. og að um getur verið ræða alls konar útgáfur af fjölskyldum.

Læti heima getur þýtt að foreldrarnir rífast eða slást þannig að hlutir skemmist. Stundum reyna börn að vernda eða hjálpa þeim sem ráðist er á. Þau geta líka orðið hrædd og stungið af eða falið sig. Börn geta meira að segja stundum hjálpað þeim sem reiðist og ógnar. Það gera þau kannski til að reyna að forðast barsmíðar. Allt þetta þekkja börn í neyðarathvörfum mjög vel.

Þau geta líka þurft að fara að heiman svo fyrirvaralaust að þau verða að skilja mikilvæga hluti eftir. Það gæti til dæmis verið tuskudýr eða annað sem þau tengja við öryggi. Barnið gæti verið mjög upptekið af þessu. Stundum er hægt að fara til baka og sækja einhverja hluti, stundum getur það tekið langan tíma og einstaka sinnum er ekki hægt að sækja þá.



Reynsla þeirra sem koma í neyðarathvarfið getur verið margvísleg. Sumir þurfa að flýja í skyndi en aðrir fá góðan tíma til að undirbúa sig. Aðalatriðið er þó alltaf að leggja áherslu á öryggi þeirra sem fara. Aðilinn sem farið er frá má ekki vita hvert farið er.

Börn í neyðarathvörfum hafa alls konar tilfinningar og reynslu og það má alveg sakna og þykja vænt um báða foreldrana, sama hvað þeir gerðu. Stundum sakna þau líka systkina sem urðu eftir, gæludýra, herbergisins síns, vina, nágranna, bekkjarins, kennarans o.s.frv. Þau geta verið áhyggjufull og með slæma samvisku og kannski vorkenna þau því foreldrinu sem skilið var eftir heima og þrá að snúa þangað. Þau geta líka verið reið þeim fullorðnu sem eru með þeim í neyðarathvarfinu.




Allt eru þetta eðlilegar tilfinningar og reynsla barna sem koma í neyðarathvarf.

Það sem fullorðna fólkíð gerir er aldrei barninu að kenna. Það er barninu nauðsyn að ræða við einhvern fullorðinn sem það treystir. Þá þurfa börnin ekki að takast á við erfiðar hugsanir sínar án hjálpar. Það er t.d. hægt að spyrja barnið: *Hvað heldurðu að þú hefðir getað gert? Heldurðu að það hefði komið að gagni?* Það er þó sama hvað barnið heldur að það hefði getað gert, þau fullorðnu bera alltaf ábyrgð á eigin gjörðum.

Í „Öruggu skjóli“ eru atriði með fiskum og rigningu sem gefa okkur tækifæri til að hugsa málið og tíma til að átta okkur á áhrifunum. Í myndinni má líka sjá kött sem gefur okkur færni á að beina sjónum að gæludýrum. Börn hafa oft þungar áhyggjur af dýrum sem skilin voru eftir og það getur reynt þeim mjög þungbært. Þau velta því fyrir sér hvað verður um dýrið, hvort það fái mat og góða aðhlyningu heima o.s.frv.

Það er því miður ekki hægt að hafa gæludýr í neyðarathvarfinu vegna ofnæmis en stundum er hægt að finna einhvern sem getur gætt dýrsins.



TIL BARNANNA

Allir foreldrar geta rifist og verið ósammála. Það er ekki hættulegt. En ef fólk slær, skemmir hluti, svívirðir hvert annað, er vont við eða ógnar hvert öðru þannig að fólk verður miður sín eða óttaslegið, er það ekki gott. Þá verða sum börn hrædd og óörugg og hugsa sem svo að þau verði að passa mömmu/pabba.

Börn geta líka reiðst eða orðið miður sín eða að þau langar til að gera eitthvað heimskulegt sjálf, til dæmis að slá.

MIKILVÆGAR REGLUR Í NEYÐARATHVARFINU:

- Ekki taka myndir og birta þær á netinu og félagsmiðlum, Facebook, Snapchat, Twitter, Instagram o.s.frv.
- Ekki geyma myndir frá neyðarathvarfinu á símanum
- Slökktu á staðsetningarforritum í símanum
- Ekki segja neinum hverjir búi í neyðarathvarfinu

Það er breytilegt eftir neyðarathvörfum hve lengi fólk getur búið þar en enginn þarf þó að fara aftur á óruggan eða hættulegan stað. Þá er fólk hjálpað til að finna nýja íbúð. Stundum tekur langan tíma að finna nýja íbúð en stundum gengur það hratt fyrir sig. Fullorðna fólkíð segir þér það.


Neyðarathvarfið á að vera öllum íbúunum öruggt skjól og þess vegna er mikilvægt að segja engum hverjir búi þar.

Það er sérstakt að búa í neyðarathvarfi. Þar búa margir aðrir, bæði börn og fullorðnir, og stundum getur fólk orðið sorgmætt, rétt eða ergilegt yfir að hafa alltaf aðra í kringum sig. Mikilvægt er að reyna að taka tillit hver til annars og koma vel fram við alla. Ef þér finnst eitthvað vera erfitt geturðu spurt starfsfólkíð í neyðarathvarfinu.



Neyðarathvarfið sér til þess að þú getir haldið áfram að sækja skólann/leikskólann. Stundum þurfa börn að skipta um skóla/leikskóla. Það gerist líka að börn þurfa að halda sig inni í neyðarathvarfinu. Skólabörn njóta aðstoðar kennara eða annars sem getur tekið ábyrgð á skólanáminu. Börn eiga að sækja skólann eins og venjulega um leið og það öruggt og óhætt.

Börn halda oft að þau hafi gert eitthvað af sér og að það sé ástæða þess að mamma eða pabbi hafi reiðst hinu foreldrinu. Það er þó aldrei börnunum að kenna að fullorðið fólk slær, hótar eða svívirðir aðra. Mörg börn velta þessu fyrir sér og sum hafa slæma samvisku eða eru sjálfum sér reið fyrir að finnast, hugsa eða gera það sem þau gera en ábyrgðin liggur alltaf hjá fullorðna fólkinu.



Þetta pdf-skjal má sækja á:
krisesenteret.bodo.kommune.no

